



Íslandsmót einstaklinga 2013

Íslandsmót einstaklinga 2013 verður haldið dagana 2.-5. febrúar í Keiluhöllinni Egilshöll og Keiluhöllinni Öskjuhlíð.

Notaðir verða tveir olíuburðir í mótinu, stuttur [36 fet Järven](#) og langur [44 fet Älgen](#). Í forkeppni er spilað á stuttum olíuburði 6 leikir í Öskjuhlíð og löngum olíuburði 6 leikir í Egilshöll.

Keppendur ákveða við skráningu í hvoru húsinu þeir byrja keppni, en hver keppandi þarf að spila í báðum húsum, en mótanefnd áskilur sér rétt til að jafna þátttökufjölda milli húsa ef þarf.

Í milliriðli, undanúrslitum og úrslitum er spilað á lengri olíuburðinum á vinstri braut og stuttum á þeirri hægri og leikið á báðum brautum og er þessi hluti keppninnar eingöngu spilaður í Egilshöll.

Forkeppni helgina 2-3. febrúar.

Spilaðir eru 12 leikir í tveimur 6 leikja blokkum.

Keppni byrjar kl. 9:00 laugardag og sunnudag.

Verð í forkeppni kr. 10.000,-

16 efstu karlarnir og 12 efstu konurnar halda áfram í milliriðil.

Milliriðill mánudaginn 4. febrúar kl. 19:00

Spilaðir eru 6 leikir.

Verð í milliriðil kr. 5.000,-

Efstu 8 karlar og 8 konur halda áfram í undanúrslit.

Undanúrslit þriðjudaginn 5. febrúar kl. 19:00

Spilað allir við alla, 8 karlar og 8 konur, einföld umferð.

Verð í undanúrslit kr. 5.500.

Tveir efstu karlarnir og tvær efstu konurnar leika til úrslita strax að loknum undanúrslitum.

Úrslit þriðjudaginn 5. febrúar – strax að loknum undanúrslitum:

Spiluð eru úrslit milli tveggja efstu manna/kvenna, sá/sú sem er efst að stigum fyrir úrslit nægir að vinna tvær viðureignir (2 stig) en annað sætið þarf að vinna þrjár (3. stig).

Jafnteflisviðureignir telja sem skipt viðureign (hálf stig á hvorn), ef enn er jafnt eftir 5 leiki þá ræður pinnafall. Sigurvegarinn fær titilinn Íslandsmeistari einstaklinga.

Sjá nánar í Reglugerð KLÍ um [Íslandsmót einstaklinga](#).

Skráning fer aðeins fram á [netinu](#) og lýkur fimmtudaginn 31.janúar klukkan 22:00.

Mótanefnd KLÍ

Nefndin áskilur sér rétt til breytinga ef þurfa þykir.